



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. desember 2002

**Efni: Frumvarp til laga um fyrirtækjaskrá, 351. mál.**

**Almennt**

Mikilvægt er að skráning upplýsinga um fyrirtæki sé í föstum skorðum en um leið sé þar gætt meðalhófs. Ekki verður betur séð en fyrirbyggjandi frumvarp fullnægi þessum skilyrðum í flestu tilliti.

Samtök iðnaðarins styðja að frumvarpið verði að lögum með eftirfarandi fyrirvörum og ábendingum.

**4. grein**

Í síðari hluta 9. tl. 4. greinar frumvarpsins er gert ráð fyrir opinni heimild til handa stjórnvöldum til að skrá atriði sem „... nauðsynlegt eða hagkvæmt þykir að skrá vegna hagsmuna opinberra aðila eða miðlunar upplýsingar til opinberra aðila, fyrirtækja eða almennings.“

Samtök iðnaðarins telja rétt að benda sérstaklega á að þetta er óheppilegt og getur leitt til óhóflegra krafna til fyrirtækja um upplýsingar og viðhald þeirra og leggja þess vegna til að upptalning 4. greinar verði tæmandi um þau atriði sem á að skrá.

**7. grein**


Réttar upplýsingar eru forsenda gildis fyrirtækjaskrárinnar. Þess vegna er nauðsynlegt að auðvelda fyrirtækjum allar leiðréttingar og viðbætur eins og kostur er. Lagt er til að sett verði ákvæði um að slíkt megi gera með rafrænum hætti.

**9. grein**

Birting hagtalna, sem gefa til kynna ástand í efnahags- og atvinnulífi á hverjum tíma, verður æ mikilvægari og um leið ríður á að tölurnar séu eins nýjar og unnt er. Samtök iðnaðarins hafa lengi bent á nauðsyn þess að nýta betur þær upplýsingar sem opinberir aðilar safna saman á mismunandi stöðum í þessum tilgangi. Vitaskuld verður að gæta að reglum sem giida um trúnað og meðferð slíkra upplýsinga.

Samtök iðnaðarins telja því bæði sjálfsagt og eðlilegt að Hagstofan fái aðgang að gögnum úr fyrirtækjaskrá til þess að nýta við rannsóknir, hagskýrslugerð og útgáfu hagtalna.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri